

Málsnr.: 202210075
Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

04. OKT. 2022

Málalykill: 40.1

Mosfellsbær 30.9.2022

Varðar, Hótel Laxnes viðbygging

Bæjarráð Mosfellsbæjar

Ágætu bæjarráðsfulltrúar,

Árið 2009 voru áform um að stækka Hótel Laxnes, en þegar hótelið var byggt var alltaf litið svo á að um 1.áfangu væri að ræða, enda herbergjafjöldi mjög lítill fyrir 3.stjörnu hótél, eða aðeins 23 herbergi. Í framhaldi af því var sótt um til Mosfellsbæjar að fá úthlutað lóðarskika fyrir þessa stækkun, austan við núverandi hús. Því var vel tekið af bænum og í framhaldi af því var deiliskipulagi breytt svo þetta mætti verða. Mosfellsbær setti þó sem skilyrði fyrir formlegri lóðarúthlutun að fjármagn væri tryggt svo framkvæmdin yrði örugg og tæki fljótt af. Á þessum tíma var fjármálamarkaðurinn í sárum svo vægt sé til orða tekið og ekki náðist að fjármagna verkefnið. Svo liðu árin og varð ýmislegt til þess að þessu var frestað. Nú er hins vegar fyrirséð að fjármagn er til staðar og allar ytri aðstæður kjörnar til klára verkefnið og koma hótelinu í endanlega stærð.

Við óskum því eftir formlegri úthlutun lóðarinnar svo hönnun og framkvæmdir geti hafist á grunni gildandi deiliskipulags.

Fyrir hönd eigenda Hótel Laxnes

Nafn þess félags sem er þinglýstur eigandi hótelsins

SÖLVELLIR EAF 551010-0660

Með bestu kveðju

Albert Rútsson

Albert Rútsson